

Fyrirspurn

til dóms- og kirkjumálaráðherra um niðurstöðu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til niðurstöðu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum, sem birt var á veggum félagsmálaráðuneytisins í vor?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því með lagafrumvarpi, og þá hvenær, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á réttarstöðu barna og foreldra, í samræmi við niðurstöður nefndarinnar:
 - a. að maður sem telur sig föður barns geti höfðað ógildingar- eða vefengingarmál þegar um feðrað barn er að ræða,
 - b. að dómarrar fái heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá í forsjárdeilum,
 - c. að sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris verði afnumin,
 - d. að forsjár- og forsjárlausir foreldrar hafi sama rétt til aðgangs að skriflegum upplýsingum um barn sitt,
 - e. að sýslumenn og dómarrar fái heimild til þess að ákveða umgengni 7 af 14 dögum,
 - f. að börn geti átt tvö lögheimili?
3. Ef svo er ekki, hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.